

Sp.

## 90. Tillaga til þingsályktunar

[82. mál]

um eflingu útflutningsiðnaðar.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna millipinganefnd, sem taki til athugunar, með hvaða hætti tiltækilegast sé að koma á fót nýjum framleiðslugreinum útflutningsiðnaðar og hvernig megi efla þann útflutningsiðnað, sem fyrir er.

Nefndin athugi sérstaklega þær framleiðslugreinar, sem miða að aukinni vinnslu sjávar- og landbúnaðarvæðis. Í þeim efnum verði athugað, hvernig hagkvæmast sé að auka verulega síldarniðurlagningu, síldarniðursuðu og reykingu síldar. Einnig verði athugað um byggingu verksmiðja til framleiðslu á tilbúnum fiskréttum. Þá verði einnig gerð athugun á aukningu ullar- og skinnaiðnaðar og um kjötiðnað.

Nefndin skal í störfum sínum hafa náð samstarf við sérfróða menn um öll þessi atriði. Að athugunum loknum skal nefndin skila tillögum með rökstuddri álitserð til Alþingis.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Heildarverðmæti útfluttra vara er nú orðið um 4000 milljónir króna á ári. Um 90% þessa útflutnings eru sjávarafurðir, en um 10% eru landbúnaðarvörur og aðrar vörur. Flestar eru þessar útflutningsvörur lítið unnar, eða aðeins hálfunnar.

Oft er um það rætt, að mikil nauðsyn sé á að auka á fjölbreytni í starfsgreinum þjóðarinnar og draga á þann hátt úr áhættu, sem oft vill fylgja einhæfri framleiðslu.

Lítill vafi getur leikið á því, að eitt nærtækasta og þýðingarmesta verkefni, sem fyrir liggur að leysa í atvinnumálum landsins, er að koma upp fullkomnum útflutningsiðnaði, sem miði að því að fullvinna þau hráefni, sem til falla í landinu.

Útfluttar sjávarafurðir eru nú sumpart algerlega óunnar, eins og ísvarinn fiskur, sem út er fluttur með haus og sporði í fiskiskipunum sjálfum, eða hálfunnar vörur, yfirleitt á fyrsta verkunarstigi, þ. e. a. s. á því verkunarstigi, að þær þoli sæmilega óhjákvæmilega geymslu, þar til þær koma í markaðslöndin.

Hraðfryst islenzk fiskflök þykja mikil gæðavara. Framleiðsla þeirra er líka ein af okkar fullkomnustu og beztu útflutningsframleiðslugreinum. En þó verður að játa, að í rauninni eru hraðfryst fiskflök aðeins á miðju framleiðslustigi. Í mörgum löndum hafa hin síðari ár risið upp fiskiðnaðarverksmiðjur, sem fyrst og fremst vinna tilbúna fiskrétti úr hraðfrystum fiskflökum. Í slíkum verksmiðjum

eru fiskflökin bútuð niður í hæfilegar stærðir, síðan steikt eða soðin og úr þeim framleiddir ýmiss konar fiskréttir, svo að segja tilbúnir til neyzlu. Fiskréttir þessir eru síðan frystir aftur í hæfilegum skömmtum í girnilegum umbúðum og þannig tilbúnir til þess að hitast upp á pönnu eða í potti, án allrar frekari matargerðar.

Hér á landi ætti að koma upp einni eða tveimur slíkum verksmiðjum fyrst til reynslu, en síðar mætti koma upp fleiri, ef rétt þætti.

Síldarframleiðsla hefur vaxið stórkostlega síðustu árin. Miklar líkur benda til þess, að hún muni enn aukast og að reikna megi með miklum, öruggum, árlegum síldarafla. Mestöll síldin, sem veiðist við Ísland, er mjög næringarrík og góð vara. En nýtingin á þessari ágætu matvöru er á mjög lágu stigi. Mikill meiri hluti síldaraflans fer í mjölverksmiðjur til framleiðslu á skepnufóðri. Sá hluti síldaraflans, sem fer í aðra vinnslu, þ. e. aðallega í söltun og frystingu, er ekki hálfunninn sem matvara.

Nauðsynlegt er að stórauka enn frystingu á síld, enda er aðstaða til þess þegar fyrir hendi án verulegs stofnkostnaðar. Markaðir fyrir frosna síld virðast vera að mjög miklir og hagstæðir.

Framleiðsla á frosinni síld til útflutnings nemur nú orðið um 30 þús. tonnum á ári, en ætti að komast upp í 70—80 þús. tonn fljótlega.

Sú síld, sem nú er flutt út frosin, fer svo að segja öll í framhaldsvinnslu í markaðslöndunum. Þar er síldin reykt, niðursoðin eða lögð niður í dósir. Hér á landi þurfum við að koma upp slíkri vinnslu á síld. Mikill markaður er í mörgum löndum fyrir reyktu síld, ýmist flakaða eða heilreykta.

Mikill hluti þeirrar saltsíldar, sem hér er framleidd, er fullverkuð erlendis. Þannig munu t. d. Svíar leggja niður í dósir síld, sem hér hefur verið söltuð, sem nemur 100—130 þús. tunnum. Svíar leggja þó niður í dósir miklu meira magn af saltsíld, þar sem þeir kaupa einnig síld af Norðmönnum, auk eigin veiði heimanna. Með bættri nýtingu síldaraflans mætti auka útflutningsverð síldarafurðanna um mörg hundruð milljónir króna á hverju ári.

Þá ber einnig að athuga möguleika á frekari vinnslu fiski- og síldarmjöls og lýsisframleiðslunnar. Allar eru þessar útflutningsvörur okkar unnar fullkomnari vinnslu erlendis, áður en þær eru settar á markað.

Auk þeirra tegunda sjávarafurða, sem hér hafa verið nefndar, eru margar aðrar, sem hentugar eru til aukinnar vinnslu og auðvelt er að gera að margfalt verðmætari útflutningsvöru en nú er. Þar má m. a. nefna humar, rækjur, ufsa- og karfaflök, síldarhrogn og þorskhrogn. Humarinn er hægt að flytja út sem tilreidda vöru og fá fyrir hann mjög hátt verð. Síldarhrogn eru mjög eftirsótt vara, og séu þau fullunnin, er hægt að fá fyrir þau gífurlega hátt verð.

Hér hefir verið vikið nokkuð að möguleikum, sem fyrir hendi eru til þess að gera verðmætari útflutningsvörur úr sjávaraflanum. Hliðstæðir möguleikar eru einnig fyrir hendi um aukna vinnslu ýmissa landbúnaðarvara.

Íslenzk ull er eftirsótt gæðavara. Úr henni er hægt að vinna verðmiklar útflutningsvörur. Stefna ber að því, að engin óunnin ull sé flutt út úr landinu, en þess í stað komið upp fjölbreytilegum ullariðnaði til útflutnings.

Hið sama er að segja um gærur og aðrar skinnavörur. Þær þarf að vinna sem mest í landinu sjálfu og auka þannig útflutningsverðmæti þeirra.

Kjötiðnað þarf einnig að efla með tilliti til útflutnings. Margt bendir til, að finna megi hagstæða markaði fyrir íslenzkt dilkakjöt í hentugum smápakkningum eða á annan hátt sem unna vöru.

Enginn vafi er á því, að hægt er að auka verðmæti útfluttra vara um mörg hundruð milljóna króna með aukinni vinnslu. Sennilega er auðvelt að tvöfalda útflutningsverðmæti þeirrar sjávar- og landbúnaðarframleiðslu, sem nú er flutt úr landi hálfunnin eða algerlega óunnin sem hráefni, með því að skipuleggja fullvinnslu þeirrar framleiðslu í sem flestum greinum. Uppbygging útflutningsiðnaðar, sem fyrst og fremst miðast við það að fullvinna þær framleiðsluvörur, sem til eru

í landinu, hlýtur því að vera eitt af brýnustu og stærstu verkefnum í íslensku atvinnulífi.

Þjóð, sem framleiðir jafnmikið af fyrsta flokks matvöru og Íslendingar gera nú og á slíka möguleika til aukinnar verðmætasköpunar með fullkomnara vinnslustigi, ætti ekki að hugsa um fjarskyld og vafasöm verkefni eins og stóriðjurekstur á vegum útlendra auðhringa, en snúa sér þess í stað með einbeitni og áhuga að því verkefni að margfalda verðmæti þeirrar framleiðslu, sem hún hefur þegar aflað og hefur betri aðstöðu til að fullvinna en flestar eða allar aðrar þjóðir.

Mikill meiri hluti útflutningsvöru landsins nú eru matvörur. Reynslan hefur sýnt, að matvörur eru með beztu og öruggustu markaðsvörum. Allt bendir til þess, að á komandi árum verði fremur um skort á matvörum að ræða í heiminum en hið gagnstæða.

Framleiðsla og sala á ýmsum efnavörum er hins vegar miklu ótryggari. Örar framfarir í efnaframleiðslu hafa leitt til tíðra breytinga og óvissu um framtíðargildi ýmiss konar efnaframleiðslu. Það verður t. d. að teljast allsendis óvíst, að alúminíum hafi eftir einn eða tvo áratugi það notagildi og verðgildi sem það hefur nú. Þannig er um fleiri efni. Stóriðnaður á sviði alúminíums eða í öðrum hliðstæðum greinum í jafnlitlu efnahagskerfi og er hér á landi gæti því leitt til öryggisleysis og hættu. Aukin efling matvælaframleiðslu til útflutnings, framleiðslu, sem komin væri á hátt og fullkomið vinnslustig, væri hins vegar hið öruggasta fyrir framtíðina.

Með tillögu þessari er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna millipinganefnd, sem taki til sérstakrar athugunar nauðsynlegar framkvæmdir á þessu sviði. Gert er ráð fyrir, að nefndin leiti ráða og tillagna hjá sérfróðum mönnum um allt það, sem að gagni má verða um tillögugerð til þess að hrinda í framkvæmd eflingu fullkomins útflutningsiðnaðar. Leggja ber áherzlu á, að nefndin ljúki sem fyrst störfum og leggi tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir fyrir Alþingi.